

Föstudaginn 7. febrúar 1992.

Nr. 391/1990. **Protabú Dreifingar hf.**

(Sigurður Georgsson hrl.)

gegn

**Árna Svavarssyni**

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Frávísun frá héraðsdómi. Stefnumirting. Hlutfélag.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. sama mánaðar. Protabúið gerir þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Þá krefst það málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda. Bú Dreifingar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 20. nóvember 1991.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur og eftirfarandi fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ekki var sótt þing í héraði í máli þessu af hálfu Dreifingar hf.

Protabúið byggir kröfu sína um frávísun málsins frá héraðsdómi á því, að stefna hafi ekki verið löglega birt. Stefnan var birt fyrir Jóni Hjaltasyni, meðstjórnanda í hlutfélaginu, á heimili hans 1. júní 1990.

Dreifing hf. er skrásett hlutfélag. Lagt hefur verið fram í Hæstarétti vottorð Hlutfélagaskrár frá 29. apríl 1991 þess efnis, að stjórnarformaður frá 8. september 1989 sé Haukur Hjaltason til heimilis að Reykjahlíð 12 í Reykjavík. Fram er komið, að heimilisfang félagsins var að Skipholti 29 í Reykjavík.

Í 4. og 5. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir:

„Ef birta á stefnu eða aðra tilkynningu skrásettu ... félagi, þá telst rétt birt á hinu skrásetta heimili ...“

„Ef birta þarf félagi annars ... má birting fara fram [á] ... vinnustofu formanns stjórnar þess ...“

Stefnan í málinu var því ekki réttilega birt, sbr. Hæstaréttardóma 1988, 254 og 1990, 404. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði svo og fjárnámsgerðina og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1990.**

Mál þetta, sem dómtekið var 28. júní 1990, er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 1. júní 1990, af Árna Svavarssyni, kt. 110553-5289, Álíheimum 13, Reykjavík, á hendur Dreifingu hf., kt. 490287-1599, Skipholti 29, Reykjavík, en f.h. hlutafélagsins stefnist stjórnarformanni þess, Jóni Hjartarsyni, kt. 020544-2889, Melabraut 59, Seltjarnarnesi.

Mál þetta var upphaflega höfðað sem áskorunarmál og það þingfest á reglulegu bæjarþingi 14. júní 1990. Á reglulegu bæjarþingi 28. júní 1990 var málið endurupptekið og því vikið til venjulegrar meðferðar, þar sem málið á ekki undir áskorunarmeðferðina. Var málið dómtekið sama dag.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði gert að greiða sér 51.358 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 af 23.655 kr. frá 16. febrúar 1990 til 23. febrúar 1990, en þá af 51.358 kr. til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn ári eftir gjalddaga. Þá er þess krafist, að dæmdur málskostnaður beri hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, og þess jafnframt krafist, að áfallnir dráttarvextir af málskostnaði leggist við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Varðandi málavexti og málsástæður kveður stefnandi skuld þessa vera skv. tveimur reikningum, dags. 16. febrúar 1990 og 23. febrúar 1990, samtals að fjárhæð 51.358 kr., sem til séu komnir vegna teppahreinsunar og límhreinsunar. Við útgáfu reikninganna, kveður stefnandi, að stefndi hafi fengið afhent eintak af hvorum, og hafi verið samið um, að reikningarnir greiddust innan 20 daga frá útgáfu þeirra. Stefnandi kveður, að þrátt

fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafi krafan ekki verið greidd og málsókn þessi því óhjákvæmileg.

Varðandi lagarök kveður stefnandi mál þetta höfðað skv. 20. kafla laga nr. 25/1987, og til stuðnings framangreindum kröfum vísast til laga nr. 7/1936.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 16.200 kr.

Dóminn kvað upp Páll Hreinsson, ftr. yfirborgardómara.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Dreifing hf., greiði stefnanda, Árna Svavarssyni, 51.358 kr. ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af 23.655 kr. frá 16. febrúar 1990 til 23. febrúar 1990, en þá af 51.358 kr. til greiðsludags auk 16.200 kr. í málskostnað. Þá ber stefnda að greiða stefnanda dráttarvexti af málskostnaði 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þá leggist áfallnir dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta. Þá leggist áfallnir dráttarvextir við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---